

Vísir 10. ekt. 1930

Í Norðnesi.

(Björgvin).

—o—

H.P.

I.

Í Norðnesi er skemtigarður fremst, en fjölfarin skipaleið framundan og strönd með friðri bygð. Dvaldi eg þar í garðinum kvöldstund, virti fyrir mér börn og fullorðna, og útsýni það er áður getur. Og er eg gekk þaðan, varð mér starsýnt á hús eitt mikið og fagurt. Drengur varð á leið minni svo sem 9 ára, og tók eg hann tali. Eg talaði dönsku og sagði: hvad er det for en Bygning? Ekki skildi drengurinn það. Kom mér þá til hugar að tala íslensku; og þá skildi drengurinn undir eins. Þetta er heimili fyrir gamla sjómenn, sagði hann. Þótti mér hvorttveggja skemtilegt, að svona vel skyldi vera séð fyrir gömluni sjómönnum, og eins, að Björgvinjarbarn skyldi betur skilja íslensku en dönsku.

II.

Ferð míni í fyrrasunnar um Noreg og Svíþjóð, var gerð til þess m. a., að kynnast horfum á að auka veg íslenskrar tungu þar í löndum og fá Norðmenn og Svíu til að skilja betur en áður, hversu mikið gagn þeim

getur orðið að Íslendingum, af því að þeir hafa varðveitt forn-tunguna. Sá eg, að í þessu efni er jafnvel enn þá stórkost-legra verk en eg hafði haldið, sem vinna þarf, og vinna má, en að vísu fast fyrir. Þó held eg sé óhætt að segja, að auðvelt mundi að kenna norskkum og sánskum börnum að skilja íslensku. Hefi eg i grein í Alþingishátiðarblaði „Lögréttu“, vikið að nauðsýn þessa máls, og vænt þótti mér um að sjá það haft eftir rikiserfingjanum sánska, að sér þætti leitt að hafa ekki á barnsaldri lært íslensku.

Ferð þessi i fyrrasumar, var ein hin fróðlegasta sem eg hefi farið, og var mér mikill lugur á að geta haldið áfram ýmsum athugunum, sem eg var þá byrjaður á. Hefði eg farið til Noregs nú á umliðnu sumri, ef ekki hefði féskortur hamlað. Þótti mér einkum leitt, að geta ekki tekið þátt í rithöfundamótinu í Oslo. Þar voru þeir menn samankomnir, sem mikil áhrif hafa á hugsunarhátt þjóðanna, og ef til vill, hefði mátt segja eitthvað við, sem til gagns gæti orðið.

7. okt.

Helgi Pjeturs.